



Uppsetning kennslurýmis - Tónlist

Í þróunarverkefninu fór fyrri hluti tónlistartímans fram í einni kennslustofu og seinni hluti í annarri. Það er ekki endilega nauðsynlegt að skipta þessu upp en reyndist þó mjög vel fyrir suma þátttakendur að skipta um umhverfi þegar fræðslan var búin og farið var að vinna með hljóðfæri og samspil.

Kennslurými A: Tala saman - Syngja með gítar - Fræðsla



Þátttakendur sitja við borð fyrir framan skjá þar sem fræðslan fer fram. Gert er ráð fyrir sæti fyrir aðstoðarmenn og/eða kennara við borðið líka.

Á borðinu er **dagskrá tímans útprentuð** ásamt **auðum blöðum** til að skrifa á, **penni** sem þátttakandi notar til að skrifa inn á dagskrána og síðan glærur í fræðslunni og **feitur tússpenni** sem þátttakandi notar til að strika yfir dagskrárlíði eftir því sem þeir klárast.



Uppi á vegg á áberandi stað er dagskrá fyrri hluta tímans sýnd myndrænt.



Hver mynd táknað einn lið á dagskránni og er tekin niður eftir því sem dagskrárlíðir klárast.

Undir myndum þar sem dagskráin inniheldur fleiri undirliðir er sett tímalína. Flipunum á tímalínunni er lokað eftir því sem undir-dagskrárlíðir klárast.





Kennslurými B: Spila saman á iPad - Spila saman á hljóðfæri - Syngja með píanói



Þátttakendur sitja í boga fyrir framan píanóið.
Öll hljóðfæri sem þarf að nota eru tilbúin í stofunni.



Dagskrá seinni hluta tímans er sýnd myndrænt á áberandi stað í stofunni - í þessu tilfelli aftan á píanóinu.



Eins og í kennslurými A tákna hver mynd einn lið á dagskránni og er hún tekin niður eftir því sem dagskrárlíðir klárast.
Undir myndum þar sem dagskráin inniheldur fleiri undirliði er sett tímalína. Flipunum á tímalínunni er lokað eftir því sem undir-dagskrárlíðir klárast.

